

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Hr. Kristján Þór Júlíusson
Skúlagata 4
101 Reykjavík



Hafnarfjörður, 10.07.2020

Tilvísun: ANR20050441/04.02.07

MFRI: 2020-06-0171

Efni: Jökulfirðir – Fyrirhuguð breyting á auglýsingu nr. 460/2004, um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er óheimil

Vísað er til erindis Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 9. júní 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um hvort stofnunin telji að takmarka skuli eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í Jökulfirðum.

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 (staðbundið bann við starfsemi) getur ráðherra, að fenginni umsögn Fiskistofu, Matvælastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og viðkomandi sveitastjórnar, takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérstaklega viðkvæm gagnvart fiskeldi. Nú er í gildi auglýsing nr. 460/2004 um friðunarsvæði gegn eldi laxfiska á ákveðnum svæðum við landið. Jökulfirðir er ekki meðal þessara svæða.

Við mat á því hvort rétt sé að banna fiskeldi er tekið mið af markmiðum ofangreindra laga um fiskeldi (1. mgr. 6. gr., sbr. 2 mgr.) sem ganga út á vernd villtra nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatns- eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Taka þarf tillit m.a. til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægð frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Einnig skal líta til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og vill koma nokkrum atriðum ásamt ráðgjöf til ráðherra á framfæri.

Þeir þættir sem helst takmarka magn fiskeldis í sjókvíum eru: Burðarþol fjarða, áhætta erfðablöndunar við villta stofna og áhrif sníkjudyra og annarra sjúkdómsvalda á villta stofna.

Jökulfirðir

Jökulfirðir sem eru hluti af Ísafjarðardjúpi voru friðlýstir að hluta árið 1975 ásamt Hornströndum, Aðalvík, Rekavík bak Látur og Fljótavík. Helsta einkenni friðlandsins er hversu afskekkt það er og lítið mótað af umsvifum mannsins. Erfiðar veðurfarslegar aðstæður eru í Jökulfjörðum og eru 70 ár síðan föst búseta var á svæðinu. Náttúra Jökulfjarða og friðlandsins í heild sinni er einstök fyrir margar sakir. Eitt af markmiðum friðlýsingar svæðisins er að vernda lífríki þess. Um friðlandið er stjórnunar og verndaráætlun sem var gerð í þeim tilgangi að viðhalsa verndargildi svæðisins og jákvæðri ímynd þess. Friðlandið er flokkað sem víðfeðmt óbyggða- og eyðibyggðasvæði sem er lítt eða ekkert er raskað af hálfu manna og hefur auk þess haldið náttúrulegum einkennum sínum. Það sem einkennir þau svæði sem friðlandið fellur undir er að öllu jöfnu svæði án nútíma mannvirkja eins og t.d. leiðslna, rafmagnslína og fiskeldis. Villtir laxfiskar lifa í ám friðlandsins og hafa veiðar verið stundaðar með netum og á stöng í gegnum tíðina þó ekki liggi fyrir nákvæmar veiðitölur (Umhverfisstofnun 2019).


Fiskeldi í sjókvíum myndi spilla ásýnd svæðisins og gildi þess sem friðlands þrátt fyrir að búnaður væri ekki staðsettur á landi. Eldisbúnaður og umsvif í kringum það myndu setja mark sitt á friðlandið og því yrði að öllum líkindum að endurskoða flokkun þess. Ekki væri ólíklegt að raska þyrfti sjálfu friðandinu vegna umsvifa tengdum fiskeldinu, kæmi til þess. Laxfiskar eru hluti af lífríki friðlandsins sem skal vernda skv. markmiðum friðlýsingarinnar.

Almennt má segja að firðir og flóar séu afar mikilvæg uppvaxtarvæði ýmissa nytjastofna (Ólafur Karvel Pálsson 1976; Björn Gunnarsson og Höskuldur Björnsson 2019). Fáar nýlegar rannsóknir hafa verið gerðar á uppvaxtartíma sjávarfiska hér við land en þau gögn sem til eru t.d. frá innfjarðarrækjuleiðöngrum og eldri seiðaleiðöngrum Hafrannsóknastofnunar benda til þess að hluti verðmætstu nytjastofna Íslendinga haldi sig í fjörðum og á flóum. Takmörkuð þekking er til staðar um lífríkið í Jökulfjörðum og skortir upplýsingar um ferskvatnsfiska en þar eru stundaðar veiðar með netum og á stöng. Á árum áður fóru fram nokkrar rannsóknir á seiðum (þorskur, ýsa og lýsa) í Ísafjarðardjúpi og voru Jökulfirðir því rannsakaðir (Ólafur Karvel Pálsson, 1976). Þessar rannsóknir sýndu m.a. fram á að mikil magn eins, tveggja og þriggja ára þorsks héldi sig í Djúpinu. Hjá ungsíði þorsks var ljósáta mikilvægasta fæðan og af henni hefur verið talsvert magn í Djúpinu. Fram kom í rannsókn Ólafs Karvels að þorskungviði héldi sig í alfarið í Jökulfjörðum eða tímabundið á leið sinni út úr Djúpinu. Helstu veiðar sem stundaðar eru á nytjafiskum eru handfæraveiðar (mynd 1).

Sjóbirtingur og sjóbleikja afla fæðu í fjörðum á sjögöngutíma. Því eru firðir eins og Ísafjarðardjúp mikilvægir fyrir afkomu þessara laxfiska. Fæðuöflunarsvæði sjóbirtings og sjóbleikju eru jafnan með landi og nærri heimaá. Rannsóknir við Blöndu hafa sýnt að sjóbleikja og sjóbirtingur fari allt upp í 75 km frá heimaá sinni í fæðuöflun.

Innarlega í Ísafjarðardjúpi eru laxveiðiár þar sem hefð er fyrir veiðinýtingu og eru veiðifélög starfandi þar. Nýlegar rannsóknir sem enn eru í úrvinnslu benda til þess að um sé að ræða stærri stofna í Djúpinu en áður var talið og að þeir hafi bæði sérstöðu og verndargildi. Gönguleiðir laxa úr ám innst í Djúpinu eru út það og til hafs en ekki er vitað hvar þær liggja í tíma og rúmi. Ekki er vitað hvar gönguleiðir fullorðinna laxa inn Djúp liggja.

Jökulfirðir



Mynd 1. Veiðiálag af mismunandi veiðafærum í Jökulfjörðum árið 2019. Veiðafærin eru botnvarpa, dragnót, handfæri, lína, net og rækjuvarpa.

Mismunandi stofnar laxfiska og aðferðir við eldi í sjó

Við sjókvíaeldi eru að jafnaði notaðar svokallaðar opnar kvíar og frjór eldislax af norskum uppruna. Eldi í lokuðum kvíum og eldi á ófrjóum fisk er enn í þróun. Vistfræðileg áhrif fiskeldis í sjó fer eftir búnaði (opnar/lokaðar kvíar), stofnum (frjór/ófrjór) og tegundum (lax/regnbogasilungur). Eldi á ófrjóum laxi kæmi ekki til að valda hættu á erfðablöndun eldisfiska við villta stofna. Hinsvegar væri álag vegna laxa og fiskilúsar ásamt áhrifum á burðarþol svæða eins og ef um eldi á frjóum laxi væri um að ræða. Sem fyrr segir er eldi í lokuðum kvíum í þróun en með slíkum búnaði má bæði komst hjá áhættu vegna erfðablöndunar og álags laxa- og fiskilúsar. Tryggja þarf með skjalfestum hætti að búnaður opinna og lokaðra sjókvía standist veðursaðstæður á eldisstað, sem eru að jafnaði óblíðari hérlandis en í Noregi. Eitt einkenna friðlandsins í Jökulfjörðum eru vond veður og miklar vetrarhörkur. Því er ákveðin hætta falin í því að stunda eldi í sjó þar. Sú hætta er helst fólginn í skemmdum á búnaði og ógnun við velferð eldisfisks. Reynslan hefur sýnt að vetrarhörkur (kuldi og öldugangur) í Arnarfirði hafa haft neikvæð áhrif á lifun og velferð eldisfiska. Leiða má líkur að því að Jökulfirðir væru óheppilegt eldissvæði vegna aðstæðna að vetrarlagi.

Eldi á regnbogasilungi í opnum sjókvíum væri líklegt til þess að valda laxa og fiskilúsar vandamálum líkt og laxeldi.

Laxalús og fiskilús

Vandamál með laxa- og fiskilús hafa komið upp í fiskeldi hér líkt og erlendis. Laxa og fiskilús hafa slæm áhrif á velferð og afkomu eldisfiska ásamt því að ógna villtum stofnum laxfiska (Status for norske laksebestander i 2019, 2020).

Í öðrum löndum hefur komið fram að afföll laxaseiða og sjóbirtings hafa aukist verulega vegna laxalúsar. Norska víssindaráðið um laxfiska metur það svo villtum laxfiskum í Noregi stafi mest ógn af völdum laxalús, næst á eftir erfðablöndun við eldisfiska. Því má álykta að laxfiskastofnar í Jökulfjörðum geti orðið fyrir neikvæðum áhrifum laxa- og fiskilúsar verði farið í aðala laxfiska í opnum sjókvíum þar.

Undanfarin ár hafa eldisfyrirtæki sem starfa á Vestfjörðum þurft að meðhöndlalax með lyfjaböðum (AlphaMax) og lyfjafóðri (Slice) til þess að losna við lús. Rannsóknir hafa sýnt fram á skaðsemi laxa- og fiskilúslífjá á önnur krabbadýr eins og t.d. rækju og humar (Jónsdóttir og Þórarinsdóttir 2019). Krabbadýr (t.d. ljósáta, marflær og krabbar) eru mikilvæg fæða ferskvatns- og sjávarfiska og getur fækkuð þeirra haft neikvæð áhrif á lifun þeirra.

Almennt telur Hafrannsóknastofnun að þekkingu á laxa- og fiskilús hér á landi sé ábótavant og mikil þörf sé á auknum rannsóknum bæði vegna hagsmunar eldisins og ekki síður vegna villtra fiskistofna.

Áhættumat erfðablöndunar

Eldi í sjókvíum í íslenskum fjörðum er ung atvinnugrein sem er að þróast jafnt og þétt.

Mikil reynsla verður til á hverju ári, en aðstæður eru um margt sérstakar hérlandis. Eldi á lax í sjókvíum var um 26 þúsund tonn á síðasta ári. Ráðlögð mörk eldis miðað við áhættumat erfðablöndunar eru nú 85,2 þúsund tonn (106,5 þ. tonna hámarks lífmassi). Því er eldi á frjóum laxi um 30% af ráðlögðum mörkum. Sé miðað við að laxeldi aukist um 15% á ári tæki það um átta ár að ná þessu hámarki. Til að það náiðst þarf meðal annars að leggja kostnað og tíma í uppbyggingu seiðastöðva. Því er ljóst að núverandi ráðlögð mörk eru ekki takmarkandi þáttur í næstu árin. Endurskoðað áhættumat erfðablöndunar gerir ráð fyrir að leyfilegt verði að ala 12.000 tonn af frjóum eldislaxi af norskum uppruna í Ísafjarðardjúpi. Verði eldi leyft í Jökulfjörðum mun áhættumat erfðablöndunar fyrir Ísafjarðardjúp ekki breytast.

Niðurstaða

Hafrannsóknastofnun telur tilefni til þess að banna fiskeldi í sjókvíum í Jökulfjörðum. Ástæður þess eru erfiðar veðurfarslegar aðstæður á svæðinu sem ógna velferð eldisfisks og auka hættu á stroki eldisfiska, hugsanleg neikvæð vistfræðileg áhrif á lífríki fjarðarins og takmörkun áhættumats á eldi fram yfir ráðleggingu Hafrannsóknastofnunar. Eins og með aðra ráðgjöf stofnunarinnar er um varúðarnálgun að ræða þar sem náttúran nýtur vafans í því skyni að nýting auðlinda sé og verði sjálfbær.

Heimildir

Björn Gunnarsson og Höskuldur Björnsson (2019). Grunnsævið – firðir og flóar eru vagga helstu nytjstofna við Ísland. KV 2019-01. Hafrannsóknastofnun. 8 síður.

Ingibjörg G. Jónsdóttir og Guðrún G. Þórarinsdóttir (2019). Lyf gegn laxalús: virkni, áhrif og notkun. HV 2019-56. Hafrannsóknastofnun. 24 síður.

Ólafur Karvel Pálsson (1976). Hafrannsóknir 8 hefti. Um líffræði fiskungviðis í Ísafjarðardjúpi. 57 síður.

Status for norske laksebestander i 2019 (2020). Rapport fra vitenskapelig råd for lakseforvaltning nr. 12. 130 síður. ISBN: 978-82-93038-28-3

Umhverfisstofnun - Stjórnunar og verndaráætlun 2019-2028 fyrir friðland á Hornströndum (2019). Umhverfisstofnun, Ísafjarðarbæ. Umhverfisstofnun. Janúar 2019. 50 síður.

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Hafnarfjörður 9. júlí 2020
Tilv. 2020-06-11-1066

Efni: Varðar hugsanlega takmörkun eða banna við fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Jökulfjörðum með breytingu á auglysingu nr. 460/2004.

Fiskistofu barst beiðni frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dagsett 9. júní um að veita umsögn um hvort Fiskistofa telur rétt að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Jökulfjörðum.

Uppbygging í sjókvíaeldi við Ísland miðast nær eingöngu við Atlantshafs laxi, *Salmo salar*, af norskum uppruna. Eldi á regnbogasilungi hefur einni verið stundað í sjókvíum við Ísland, en hefur minnkað frá því sem áður var. Villtum stofnum laxfiska stafar minni hætta af eldi regnbogasilungs en laxi. Eldi á þorski í sjókvíum er afar lítið og hefur verið á undanhaldi síðustu ár. Umsögn Fiskistofu miðast við sjókvíaeldi á Atlantshafslaxi.

Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna sjókvíaeldis á laxi við Ísland felast í mögulegum áhrifum af því að strokulax af norskum uppruna blandast villtum laxi (erfðablöndun) og einnig geta sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.

Slysasleppingar geta orðið til þess að eldisfiskar ganga í ár og geta tekið þátt í æxlun þar með villtum fiskum. Í nóvember 2013 var óhapp hjá Fjarðalaxi í Patreksfirði og sumarið 2014 veiddust eldislaxar í Ósá í Patreksfirði^(1,2). Eldislaxarnir reyndust vera kynþroska og hefðu því geta tekið þátt í hrygningu, en afar takmörkuð hrygningarskilyrði eru til staðar í ánni. Þetta dæmi staðfestir það að eldisfiskar geta blandast villtum fiski ef þeir berast í ár þar sem hrygningarskilyrði eru til staðar og náttúrulegur stofn. Því er mikilvægt að setja ítrrustu kröfur um búnað og starfsemi í sjókvíaeldi við Ísland. Áhættumat Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar má nýta til að ákvarða hve mikið óhætt er að framleiða af frjóum laxi á viðkomandi svæði þannig að áhætta af erfðablöndun verði ásættanleg. Sjókvíaeldi verður ekki skipulagt á strandsvæðum við Ísland án áhættumats Hafrannsóknastofnunar, sbr. lög um fiskeldi. Ein leið til að draga úr óæskilegum áhrifum af sjókvíaeldi, sbr. markmið laga nr. 71/2008 um fiskeldi og markmið laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði, er að nota geldfiska (t.d. þrílitna) í eldinu, en geldfiskar geta ekki valdið varanlegum áhrifum í náttúrulegum vistkerfum með erfðablöndun.

Sjúkdómar og sníkjudýr. Með auknum fjölda fiska og samþjöppun, eins og sjókvíaeldi felur í sér, eykst hætta á sjúkdóms og sníkjudýra tengdum vandamálum. Veiru- eða bakteríusmit getur borist úr sjókvíaeldi í villta fiska en lítið er vitað um slík smit, sökum þess hve erfitt hefur reynst að rannsaka það. Vandinn felst í því að ef smit veldur sjókdómi er líklegt að það geti leitt til dauða í villtum fiskum. Fiskistofa bendir á að vegna þess hver erfitt er að rannsaka áhrif veiru- og bakteríusmits í villta fiska er einnig afar erfitt að staðfesta um skaðleysi þess.

Smit vegna snýkjudýra, s.s. laxalúsar, er hinsvegar vel þekkt og getur slíkt smit, sérstaklega á þeim tíma þegar gönguseiði leita til sjávar, valdið verulegum afföllum í villtum laxastofnum⁽³⁾. Mögnun laxalúsar hefur verið vandamál í eldi á Vestfjörðum og hefur lyfjameðhöndlun hefur reglulega verið heimiluð á undaförnum árum ^(sjá t.d. 4). Laxalús hefur ekki verið vandamál í sjókvíaeldi á Austfjörðum.

Þegar sjóbirtingu gengur til sjávar heldur hann sig við ströndina næri uppruna sínum. Líkur hafa verið leiddar að því að lúsasmit valdi afföllum í sjóbirtingastofnum en þar sem rannsóknir skortir hefur ekki verið sýnt fram á það ⁽⁵⁾.

Ekki liggja fyrir miklar upplýsingar um áhrif laxalúsar á afkomu sjóbleikjustofna. Sjóbleikjan heldur sig einkum á ósasvæðum⁽⁶⁾, þar sem ferskvatnsáhrifa gætir, og kann það að verja hana fyrir laxalúsinni. En eins og um smitsjúkdóma getur verið erfitt að staðfesta um slík áhrif og ekki hefur verið sýnt fram á það að lúsasmit hafi ekki áhrif á afkomu sjóbleikju- eða sjóbirtingsstofna.

Jökulfirðir. Ekki eru veiðifélög starfandi vegna veiðihagsmuna í Jökulfjörðum⁽⁷⁾. Ekki hafa borist upplýsingar um lax- eða silungsveiði frá svæðinu og í árlegri skýrslu, sem Hafrannsóknastofnun tekur saman í umboði Fiskistofu um lax- og silungsveiði, koma ekki fram neinar upplýsingar um veiði á laxi og öðrum laxfiskum á Jökulfjörðum. Það er þó þekkt að lax, urriði og bleikja leiti í ár í fjörðunum. Hætta sem getur stafað af eldi í því svæði er einkum vegna slysasleppinga og því að strokufiskar geti borist til annara landshluta. Áhrif á villta laxfiskastofna vegna sjúkdóma eða sníkjudyràsmits kunna að vera lítil, þar sem stofnar eru litlir og veiðihagsmunir litlir. Fiskistofa telur því að áhættumat Hafrannsóknastofnunar ætti að gagnast til að skera úr um hvort rétt er að banna eða takmarka sjókvíaeldi í Jökulfjörðum. Fiskistofa bendir á að skilyrða mætti eldi í Jökulfjörðum við notkun á geldum laxi en þannig væri komið í veg fyrir áhættu vegna hugsanlegrar erfðablöndunar.

Það er því mat Fiskistofu að ekki sé tilefni til banns eða takmörkunar á sjókvíaeldi í Jökulfjörðum með tilliti til mögulegra áhrifa eldisins á villta laxfiskastofna í Jökulfjörðum. En eins og bent er á hér að ofan kunna óæskileg áhrif að koma fram ef strokufiskar berast til annara landshluta. Í því sambandi er rétt að benda á að ekki er löng vegalengd til Húnaflóa en í hann falla margar vel þekktar laxveiðiár. Sú hætta er innifalin í áhættumati Hafrannsóknastofnunar sem lögð er til grundvallar uppbyggingu í sjókvíaeldi.

Virðingarfyllst,
 Fiskistofa


 Guðni Magnús Eiríksson
 Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

1. Leó A. Guðmundsson. 2014. Upprunagreining á lóxum veiddum í Patreksfirði í júlí **2014**. Veiðimálastofnun, VMST- 14046.
2. Leó A. Guðmundson, Guðni Guðbergsson, Halla M. Jóhannesdóttir og Eyðís Njarðardóttir. **2014**. Rannsókn á lóxum veiddum í Patreksfirði í ágúst 2014. Veiðimálastofnun, VMST/14047.
3. Bohn T, Gjelland Ko, Serra-Lliares RM, et.al. **2020**. Timing is everything: Survival of Atlantic salmon *Salmo salar* postsmolts during events of high salmon lice densities. *J Appl Ecol.* 2020; 57:1149–1160. <https://doi.org/10.1111/j.1365-2664.13612>



4. <https://www.mast.is/is/um-mast/frettir/frettir/lyfjafour-gegn-laxalus>
5. Thorstad E.B., Todd C.D., Bjørn P.A., Gargan P.G., Vollset K.W., Halttunen E., Kålås S., Uglem I., Berg M. & Finstad B., 2014. Effects of salmon lice on sea trout – a literature review. NINA Report 1044, 1-162.
6. Valdimar Ingí Gunnarsson, 2002. Hugsanleg áhrif eldislaxa á náttúrulega laxastofna, Greinagerð tekin saman fyrir embætti Veiðimálastjóra.
7. <http://www.fiskistofa.is/laxogsilungs/veidifelog/listiyfirveidifelog/>

Kristján Þór Júlíusson
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Selfossi, 26. júní 2020
Tilvísun: 2006449

Efni: Umsögn Matvælastofnunar um mögulegt eldi í Jökulfjörðum

Vísað er í beiðni atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, dagsett 9. júní 2020, þar sem óskað er eftir umsögn um hvort skilyrði séu til þess að fiskeldi verði stundað í Jökulfjörðum. Um er að ræða mat á því hvort ákvörðun verði tekin skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, sbr. einnig 2. mgr., og skal taka mið af því að markmið laganna er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár. Auk þess skal taka tillit til sjónarmiða um aðra nýtingu hafsvæða en nýtingu vegna fiskeldis. Í gildi er auglýsing nr. 460/2004 um friðunarsvæði, þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er lýst óheimilt á tilteknum svæðum og eru Jökulfirðir ekki meðal þeirra svæða sem þar eru tilgreind.

Matvælastofnun fer með framkvæmd stjórnsýslu á grundvelli laga nr. 71/2008 um fiskeldi, laga nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum og laga nr. 55/2013 um velferð dýra og hefur eftirlit með því að ákvæðum þeirra sé framfylgt.

Þegar kemur að smitsjúkdómum virðast líkur á dreifingu þeirra úr eldisfisk í villtan fisk vera hverfandi. Áhrif laxalúsarsmits á villta laxfiska eru að öllu jöfnu ekki mikil í ljósi þeirra aðstæðna og staðháttar sem íslenskt laxeldi býr við í dag. Helst er hætta á neikvæðum áhrifum á heilbrigði og velferð villtra laxfiska þegar seiði ganga í sjó að vori, en verulega dregur úr áhrifum með aukinni fjarlægð laxeldiskví frá útgöngustöðum seiða. Einnig getur lengd fjarða haft áhrif, ekki síst ef gönguseiði þurfa að fara langa leið innan fjarðar þar sem umfangsmikið laxeldi er stundað í sjókvíum á leið sinni út á haf. Til að ná markmiðum löggjafarinnar, sem eru að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna, skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd við sjókvíaeldi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó. Samkvæmt reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi þá skal búnaður sjókveldis vera samkvæmt staðlinum NS 9415:2009. Með því að notast við slíkan búnað er verið að tryggja að eldisbúnaðurinn standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó sem samræmist markmiðum laga um fiskeldi.

Í lögum um fiskeldi nr. 71/2008 er kveðið á um leyfisskyldu, eftirlit og úrræði til að bregðast við frávikum við rekstrarleyfi og ákvæði laga og reglugerða. Jafnframt er kveðið á um umhverfissjóð sem hefur það markmið að lágmarka umhverfisáhrif sjókvíaeldis, í sjóðinn greiða rekstrarleyfishafar og er sjóðnum ætlað að greiða kostnað við rannsóknir, vöktun og önnur verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður. Í 2. mgr. 1. gr. er sérstaklega kveðið á um að við framkvæmd laganna skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskistofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Þá hafa stjórnvöld á grundvelli áhættu af fiskeldi friðað tiltekin svæði sem eru í nágrenni mikilvægra svæða til að vernda villta stofna laxfiska, skv. auglýsing nr. 460/2004.

Með hliðsjón af framansögðu eru talðar hverfandi líkur á dreifingu smitsjúkdóma úr eldisfiski í villtan fisk eins og staða mála er nú og sömuleiðis eru áhrif af smiti með laxalús að öllu jöfnu ekki mikil, en slík tilvik koma þó upp í sjókvíaeldi og er munur milli Vestfjarða og Austfjarða í þessu sambandi.

Þá er unnið að eflingu stjórnsýslu og eftirlits með rekstrarleyfum vegna fiskeldis, en Matvælastofnun telur hins vegar ekki rétt að hún taki beina afstöðu til þess hvort rétt sé að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Jökulfjörðum, enda geta þar komið til önnur sjónarmið sem ekki eru á verksviði stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar

Erna Karen Óskarsdóttir

Erna Karen Oskarsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður
www.isafjordur.is | 450 8000

Ísafjörður, 24. júní 2020
Tilv. 2020060046

Varðar: Ósk um umsögn vegna fiskeldis í Jökulfjörðum

Ísafjarðarbæ barst bréf ráðherra, dags. 9. júní 2020, þar sem óskað var umsagnar sveitarstjórnar um hvort rétt sé að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í sjókvíum í Jökulfjörðum.

Bæjarstjórn tók mál þetta fyrir á 459. fundi sínum, fimmtudaginn 18. júní 2020, þar sem eftirfarandi bókun var samþykkt til umsagnar um málið.

Vegna fyrirspurnar sjávarútvegsráðherra um afstöðu Ísafjarðarbæjar til þeirrar hugmyndar hvort banna eigi með reglugerð fiskeldi í Jökulfjörðum þá ber fyrst að þakka fyrir það að bærinn fái tækifæri til að lýsa afstöðu sinni í þessu efni.

Almennt séð hafa þau sveitarfélög og íbúar þar sem fiskeldi er fyrirhugað eða er til staðar of lítið vægi í umræðunni. Sem dæmi um það þá var nýverið lokað fyrir fiskeldi í innanverðu Ísafjarðardjúpi án þess að þau sveitarfélög sem eiga þar hagsmuna að gæta fengu að lýsa afstöðu sinni til þess. Sama átti við þegar að öllu Ísafjarðardjúpi var lokað fyrir laxeldi þegar áhættumat Hafrannsóknarstofnunnar Íslands var gefið út og þar með stöðvuð öll útgáfa leyfa til laxeldis í Ísafjarðardjúpi a.m.k. tímabundið.

Í bókun bæjarráðs Ísafjarðarbæjar frá árinu 2016 var lögð áhersla á að ítarleg vinna með íbúum, landeigendum og öðrum hagsmunadaraðilum skuli fara fram áður en ákvörðun um fiskeldi í Jökulfjörðum verðu tekin en sú vinna hefur ekki farið fram enn og stendur því bókun bæjarráðs.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar leggur áherslu á að öll gögn verði lögð á borðið, þ.m.t. áhættumat og burðarþol fjarðanna ásamt samráði við íbúa svo hægt sé að taka upplýsta ákvörðun. Það er alveg ljóst að sveitarfélögin við Djúp eiga mikilla hagsmuna að gæta bæði af verndun náttúru og fiskeldi. Því er mikilvægt að þessi ákvörðun verði ekki tekin í flíti heldur að undangenginni ítarlegri skoðun og samráðs og samtals við íbúa, eins og fram kemur í bókuninni frá árinu 2016.

Bryndís Ósk Jónsdóttir

Bryndís Ósk Jónsdóttir
sviðsstjóri fjarðala- og stjórnsvæsið / bæjarritari



